

MENNING

Leikhús | Segðu mér allt eftir Kristínu Ómarsdóttur frumsýnt á Nýja sviði Borgarleikhússins

Áleitnum spurningum velt upp

Segðu mér allt er heiti á nýju leikriti eftir Kristínu Ómarsdóttur sem verður frumsýnt á Nýja sviði Borgarleikhússins í kvöld kl. 20. Leikritið segir frá hinni tólf ára gömlu Guðrúnu sem er í hjólastól og þarf stundum að flýja á vit draumaheimsins þegar foreldrar hennar og lífið sjálft verður yfirþyrmandi. Í draumaheimi hennar er til staðar hið fullkomna par, Barbí og Mark, sem við nánari eftirgrensulan reynast ef til vill önnur en þau sýndust í fyrstu.

Það er í höndum Auðar Bjarnadóttur leikstjóra að gæða leikverk Kristínar lífi, en heimatökin eru nokkuð hæg fyrir hana þar sem hún leikstýrði öðru verki eftir Kristínu, Ástarsögu 3, þegar það var sett upp í Borgarleikhúsinu fyrir nokkrum árum. „Það var mjög skemmtileg reynsla, líkt og núna,“ segir Auður í samtali við Morgunblaðið. „Þessi sýning hefur reyndar verið lengi í deigluinni, í um það bil tvö ár, og því var meira að segja varpað fram um daginn hvort ekki væri réttara að hún hétu Segðu mér það seinna! En nú er hún að fara á fjalarnar og það er mjög gaman.“

Flúið á vit draumaheims

Auður segir það forréttindi að hafa höfundinn í slíkrri nálægð sem raunin er þegar samtímaleikskáld eiga í hlut, þar sem auðvelt sé að skiptast á hugmyndum og skoðunum. „Það er líka gaman að takast á við nýtt verk, sem enginn hefur fengið við áður. Og svo finnur maður strax þegar verk liggur vel við, eins og þetta verk Kristínar gerir. Hún er djarfur penni og þrælskemmtileg, og ofsalega flink að skrifa samtöl,“ segir hún og varpar um leið fram lýsingarorðunum ljóðræn og myndin sem hún segir lýsa stíl Kristínar vel. „Í verki hennar er því margslungin áskorun til að takast á við sem leikstjóri.“

Dagdraumar aðalsöguhetju leikritsins, Guðrúnar, sem fara nokkuð úr böndunum þegar á líður, eru nokkuð sem flestir kannast við og að mati Auðar er þetta skemmtileg hugmynd hjá Kristínu sem hægt hefði verið að útfæra á ýmsa vegu. „Í raun hefði ég viljað auglýsa eftir sögum frá fólki um dagdrauma þess, til undirbúnings sýningarinnar. Því öll hefur okkur dreynt dagdrauma. Hvenær erum við föst í hugmyndum okkar, um sjálf okkur, um aðra? Erum við í raun og veru alltaf í raunveruleikanum?“ segir Auður og lýsir einni lýsingu sem hún varð sér úti um: Þá sótti söngvarinn Cliff Richards stúluna og fór með hana til New York á hverju kvöldi. „Hjónin Mark og Barbí eru draumaheimur Guðrúnar í leikritunum, og virðast vera þessar góðu fyrirmyndir. En á endanum fara draumarnir líka að flækjast fyrir Guðrúnu.“ Hún segir verkið bæði myndi og skemmtilegt, en segist jafnframt vonast til að ná fram dramatikinni sem hún segir vissulega einnig til staðar



Morgunblaðið/Porkell

Í sýningunni er velt upp áhugaverðum spurningum um ýmislegt sem brennur á foreldrum.



Morgunblaðið/Porkell

Auður Bjarnadóttir leikstjóri segir Segðu mér allt myndi verk en þó með alvarlegum undirtón.

í verkinu. Leikritið veltir líka upp ýmsum mjög þörfum spurningum að mati Auðar, meðal annars um kynlíf og unglingar er nokkuð sem við foreldrar stöndum vissulega frammi fyrir í dag sem vandamál. Að því leyti er þetta mjög aktuelt efni sem Kristín tekur á; hvar eru mörkin og erum við að missa sjónar á þeim, og þar fram eftir götum,“ segir hún.

Auður lýsir yfir ánægju með annað sam-

starfsfólk sitt í sýningunni, leikara og alla þá sem koma að umgjörð sýningarinnar svo sem búningum, leikmynd, lýsingu og hljóðmynd. Það er Álfrún Örnólfsdóttir sem stígar sín fyrstu skref á sviði Leikfélags Reykjavíkur í hlutverki Guðrúnar. „Ég kenndi Álfrúnu ballett fyrir tíu árum og hún er mikill proffi þó að hún sé ung, og fjölbreytt. Leikararnir allir eru raunar mjög finir í sínum hlutverkum,“ segir hún og

Segðu mér allt

Eftir: Kristínu Ómarsdóttur

Leikendur: Álfrún Örnólfsdóttir, Marta Nordal, Ellert A. Ingimundarson, Edda Björg Eyjólfssdóttir og Þór Tulinius.

Lýsing: Kári Gíslason.

Tónlist: Hákon Leifsson.

Leikmynd og búningar: Rebekka A. Ingimundardóttir.

Leikstjóri: Auður Bjarnadóttir.

bætur við að vinnan öll við sýninguna hafi verið mjög skemmtileg. Það kemur kannski ekki á óvart að stór hluti af undirbúningi sýningarinnar fór fram í gegnum hreina líkamstjáningu, því bakgrunnur Auðar er í ballett og hún kennir þar fyrir utan jóga. „Við höfum dansað, gert jóga, farið í leiki og notuðum hreyfingu yfirleitt mjög mikið á ferlinu til að ná fram réttu stemningunni. Það er líka mikil hreyfing í sýningunni sjálfri, enda er Kristín þannig að hún býður upp á svo fjölbreytta möguleika – að búa til einskona fantasíuheim í raun, þó að hún sjálf kalli þetta sósíalrealisma!“

Leikur er líkamlegur

Auður hefur unnið við leiksýningar síðan árið 1987, fyrst sem aðstoðarleikstjóri og leikstjóri hreyfinga, en síðan sem leikstjóri. Auk eins árs af leikstjórnarnámi í Bretalandi hefur hún auðvitað mikla reynslu í farteskúnu úr ballettinum, við uppsetningu slíkra sýninga. „Í raun er þetta allt svipað, að setja upp ballettsýningu, leiksýningu og óperusýningu. Það er bara spurning í hvaða átt það stækkar,“ segir hún. „En það var gaman að fara úr dansinum og kynnast fjölbreyttari heimi fólks; eldra fólks, ekki bara ungra dansara. Mér finnst líka mjög gaman að vinna með texta, þó að reynsla mín byggist að miklu leyti á dansi. En góður leikur er alltaf líkamlegur að mínu mati, hvort sem leikarinn er meðvitaður um það eða það er honum eðlislægt. Þannig að það getur verið að nálgun mín sé önnur fyrir leikarana en þeir eru vanir.“

Hún segist hlakka til að sjá verkiðloksins á sviði, enda hefur sýningin lengi átt stað í huga hennar. „Henni hefur verið frestað svo oft að við höfum enga afsökun fyrir því að gera ekki okkar besta,“ segir hún og hlær. „En þetta er svo skemmtilega aktuelt verk, bæði fyrir ungt fólk og ekki síður fyrir foreldra þess. Þar er velt upp áhugaverðum spurningum fyrir okkur öll sem erum í kringum börn og unglinga: Hvað set ég fram fyrir barnið mitt og hvar eru mörkin? Hvað er ofbeldi og hvað er ekki ofbeldi?“

ingamaria@mbl.is

Bíll verður hugverk

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

Markmið XI, blönduð tækni, Helgi Hjaltalin Eyjólfsson, Pétur Örn Friðriksson

Til 24. apríl. Kjarvalsstaðir eru opnir alla daga nema mánudaga frá k. 11–17.

MARKMIÐ er orð sem ég stend sjálfa mig oft að því að nota í skrifum mínum. Hver er markmið listamannsins? Að mínu mati eru markmið mikilvæga í listinni sem annars staðar en svo getur verið ágætt þegar hrist er aðeins upp í manni eins og þeir félagarnir Helgi og Pétur gera með sýningu sinni á Kjarvalsstöðum, Markmið XI, en þar ná þeir að vekja upp spurningar um þessa orðnotkun og þá hugsun sem henni fylgir. Titillinn er afar skemmtilega við hæfi, hugsanlega eru listamennirnir einmitt að gagnrýna þetta markmiðaði, hina beinu braut frá A–Ö, frá upphafi til endis, frá engu í eitthvað, braut framfara, þróunar o.s.frv. sem samfélagið beinir okkur öllum inn á og ég hef sjálf bergmálað í skrifum mínum um myndlist.

Helgi og Pétur hafa þróað hugmynd sína sem þeir nefna Markmið í nokkur ár og sýnt afkrasturinn. Efniviður þeirra í sýningum þessum hefur jafnan tengst því sem viðtekið er að kalla strákahæim, þó tæpast sé

reyndin sú í raun og kemur þar fram enn ein viðleitni umhverfisins til að steypa alla í sama mót, eða hvenær ætli litla dóttir mín á öðru ári hætti með bíla- og gröfudellu sína? Á leikskólanum þar sem strákarnir einoka bílakassann? Það er önnur saga en þó ein hliðin á sýningu þeirra félaga. Kannski er spurning hvort að þeir takmarki túlkun verka sinna að einhverju leyti með áherslunni á „strákahæiminn“? Sýningin Markmið XI fjallar um bíla og tæki eins og fleiri sýningar Markmiðs og nær hér að tengjast umhverfi sínu úti og inni á áreynslulausan hátt, hinir arkitektónisku eiginleikar gangansins á Kjarvalsstöðum sem millibílsástand, eru í afar góðu samræmi við verkin sem sýnd eru.

Hver markmið þeirra félaganna eru með bílabróli sínu er síðan engan veginn ljóst og gera þeir áhorfandanum þannig greinilegt að verk þeirra snúast ekki um raunheim bílanna eða tækjanna heldur nota þeir þessa hluti sem tákni og leika sér með það sem í þeim býr. Karlmennskumynd bíladellugauranna, gerðu-það-sjálfur-menninguna, keppnisandann sem fylgir listum e.t.v. jafn mikið og íþróttum að ógleymdu hinu eilífa bardúsi listamannsins og leit hans að áhrifaríkara formi, lit eða línu. Framsetning verk-



Morgunblaðið/Jim Smart

„Markmið XI sýnir að Helgi og Pétur hafa náð langt í að setja fram hugmyndir sínar.“

anna virkar vel í aflöngu rýminu, áhorfandinn gengur inn í verkið og lýkur göngu sinni við myndböndin sem eru ómissandi hluti af sýningunni, ljá henni líf og gæða hana þeim húmor og leik sem að baki býr, leik sem líkt og frjáls leikur barna en enginn barnaleikur því hvað er hlutverkaleikur, bílaleikur eða mömmó nema endurspeglun á alvöru lífsins í margbreytilegum myndum.

Markmið XI sýnir að Helgi og Pét-

ur hafa náð langt í að setja fram hugmyndir sínar, finna sér myndmál og efnivið við hæfi, þeir hafa náð að þróa hugmynd sína nægilega langt frá strákahúmorinum sem var ofarlega á baugi í upphafi yfir í að ná valdi á sjálfsköpuðu tungumáli sem nær að tengja list þeirra raunveruleikanum um leið og verk þeirra standa sjálf sem spurning um markmið og eðli listarinnar og sköpunarinnar. Þannig ná þeir að láta bílana sem hér standa

sýnilegir fyrir utan gluggana verða sjálfsagðan hluta af verkinu en um leið gædda ósýnilegu afli listarinnar, bíll verður hugverk. Sýningin dansar þannig afar skemmtilega á mörkum raunveruleikans og listarinnar, áhorfandinn gleymir að hann er að horfa á listaverk en á næsta augnabliki spyr hann sig, hvað sé ég? Og þá er takmarkinu náð ...

Ragna Sigurðardóttir